



# Lífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

24. töl. Nóv. 1979



Þú er ekki rétt stefnt, en til þess stefnir að hver einstaklingur  
fái þátt í öllu lífi og allt líf í hverjum einstökum.

*Helgi Pjetsson*

# Rauðir risar

(Sjá forsíðumynd)

Einhverjar allra athyglisverðustu sólstjörnur himins eru hinir svokölluðu rauðu risar, en stærð þeirra sumra er slík, að þótt sól okkar væri staðsett í miðju þeirra mundi yfirborð þeirra ná út undir braut Júpíters og jafnvel lengra, hjá sumum þeirra.

Áður var talið, að rauðar stjörnur væru tiltölulega ungar, en nú orðið þykir nærri fullvíst, að hér sé um að ræða gamlar stjörnur sem eytt hafi að mestu leyti vetnisbirgðum sínum og séu komnar á það stig, að orkuframleiðsla þeirra byggist einkum á helíum, sem er þyngra frumefni.

Í stjörnumerkinu Ökumanninum (Auriga) er rauða risastirnið Zeta Aurigae, en stærð hennar er slík, að hún gæti gleypt allan innri hluta sólhverfis okkar út fyrir braut jarðar. Þvermál þessarar risa-sólar er um 320.000.000 km (þvermál okkar sólar til samanburðar er 1.4 milljón km sem er 109 þvermál jarðar). Þarna er einnig ofsaheit bláhvít sól, sem er um 5.000.000 km að þvermáli. Geislamagn hennar er mjög margfalt á við geislamagn okkar sólar.

Þessar sólar eru tvístirni, þær ganga hvor um aðra.

Listamaðurinn, sem gert hefur meðfylgjandi mynd, gerir ráð fyrir jarðstjörnu, er gangi umhverfis rauðu sólina í 1100 milljón km fjarlægð frá henni, og þaðan hugsar hann sér sýn til sólnanna tveggja á þann veg, sem fram kemur á myndinni. Bláa sólin er þarna að því komin að ganga á bak við rauða stórstirnið, og yzti gashjúpur hennar er þegar farinn að draga nokkuð úr birtu bláu sólarinnar.

Einkennilegt samspil blárrar og rauðrar birtu frá sólunum tveimur, kemur fram á yfirborði jarðstjörnnunnar eins og lista. manningnum hefur hér tekist að leiða í ljós á myndinni. (Því miður sést þetta ekki á einlitri mynd eins og þessari sem hér fylgir).

Rauðar risasólar hafa oftast óstöðugt geislunarmagn og því má telja víst, að skilyrði til lífs séu erfið á reikistjörnum slíkra sólna, því hitasveiflur yrðu alltaf miklar, jafnvel þótt gert væri ráð fyrir jarðstjörnu í allmikilli fjarlægð frá viðkomandi sól.

Rauðar risasólar eru því sennilega ekki hentugustu birtu- og hitagjafar jarðstjarna, til þess að þar geti þróast mannlíf og annað líf. En margfalt fleiri eru þær sólar, sem stafa frá sér jöfnu skini. Og á reikistjörnum margra þeirra mun lífið þróast við hagstæðustu skilyrði. Og víða í alheimi munu finnast mannkyn, ákaflega miklu fullkomnari á allan hátt, en við menn getum látið okkur dreyma um.

*Ingvær Agnarsson.*

(Myndin er fengin úr bókinni „The New Challenge of the Stars“, eftir Patrick Moore og David Harly, útg. 1977).

# Erindi og greinar

## LÍF OG ATBURÐIR

Ýmsir hlutir gerast nú í lífi þjóðar og í lífi annarra þjóða, uggvænlegir flestir eins og vera hlýtur hjá helstefnumannkyni. En jafnvel þó svo sé, er einnig á slíkum jörðum alltaf eitthvert líf sem grær, og það er þessi gróandi sem alltaf verður að binda vonir sínar við. Jafnan er það æskan og nýr vöxtur, sem mestar vonir gefur, en einnig eru dæmi þess að þeir sem komnir eru á efri ár taka furðulegum framförum á stuttum tíma og skila frá sér betri verkum en nokkru sinni áður. Það sem ég hef hér fyrst í huga eru tvær greinar eftir Jón Auðuns, sem birzt hafa í Morgunblaðinu 13. og 27. maí eða hugvekjur fyrrum dómrófasts.

Í þeim greinum er víðsýn um stjörnugeiminn og viðurkenning á aðalatriðum vísinda svo afdráttarlaus, að láta mætti sér til hugar koma, að aldrei hafi annar maður í þeirri stöðu, sem höfundurinn gegnir, gert betur. Vitnað er til Gríms Thomsens, Stjörnu-Odda og annarra, sem veginn hafa vísað, á þann hátt að enginn sem aðhyllist hina íslenzku stefnu og hið íslenzka samhengi í heimspeki getur verið öðruvísi en þakklátur. Og séra Jón Auðuns hefur í þessum greinum sýnt það betur en nokkru sinni fyrr, hygg ég, hve ritfær hann er. Það er sönn ánægja að lesa greinar sem þannig eru ritaðar, ekki aðeins af íþrótt, heldur af hreinskilni.

Fleiri undiröldur hinna réttu sambanda — sem nú leita einnig til okkar, þó að þær séu ekki eins greinilegar og þessi, mætti benda á — ég er ekki í vafa um að hin réttu sambönd leita nú mjög á, en ég læt það ógert núna, því að ekki er hægt að loka augunum fyrir því að mjög er nú tvísýnt um ýmsa hluti hér á landi — og hér á jörð.

Næst huga manna stendur, eins og oft áður, stjórnmálaástandið. Og hvort sem búíð verður að „leysa“ verkfallskeðjuna, þegar (og ef) þessar línur koma út, þá er víst að verkfalls-samstillingin er þarna í meira lagi illkynjuð. Í hópi farmanna var enginn, ekki

einn, sem greiddi atkvæði gegn verkfalli, og bendir það ekki til þess að menn séu því sjálfstæðari í hugsun sem þeir hafa veglegri störf á hendi, og ekki verður þetta síður sagt um flugmenn sem fyrstir riðu á vaðið með að skapa þessa ólgu. En það eru þessar „einróma“ samþykktir gegn andstæðingi eða „þrjót“ (í þessu dæmi er „þrjóturinn“ íslenska ríkið eða fjárhagskerfið) sem mér er verst við. Þegar þýski ríkisdagurinn samþykkti styrjöld gegn Póllandi 1. sept 1939 var aðeins eitt atkvæði á móti, Fritz Thyssen auðkýfingur, og heyrst sjaldan á þetta minnst, en ég hygg að þessi eina rödd hafi jafnframt verið hin sanna rödd Þýskalands þennan dag, og að það hafi brátt fyrir allt miklu bjargað, að þessi maður greiddi þarna atkvæði eftir sannfæringu sinni. — En ég vil taka það fram að samþykktir um menningar- og framfaramál eru allt annars eðlis, og þar er engin ástæða til að óttast einróma samþykktir.

Af því sem sagt var við þinglausnir fannst mér það athvélisverðast sem Vilmundur Gvlfason sagði, eitthvað á há leið að þess gæti varla orðið lánst að bíða, að bíóðfélagið liðaðist sundur (undan verkföllum og heimtufrekiu), og jafnframt gaf hann í skv. dálítið feimnislega, sem hó er ekki honum líkt, að einræði hlvti að taka við. Vonandi er að hann revnist þar hó ekki sannspár, en því meiri þörf er á að eitthvað það komi fram sem beint geti þróuninni í nýjan farveg.

Af erlendum fréttum um sama levti þótti mér það athvélisverðast að verðbólgan í Gvðingalandi er meiri en á Íslandi. 90% í tölum talið eftir veniu, og barst þá einhversstaðar í tal að illa myndi fara fyrir Gvðingum líka. „Gvðingar geta allt“, sagði verzlunarmaður nokkur sem viðstaddur var, en mér hefði þótt skemmtilegra að hann hefði sagt að Íslendingar myndu brátt fyrir allt hafa sig fram úr þessu, og vona ég reyndar að sú hugsun nái að glæðast, brátt fyrir mikla deyfð og sinnuleysi gagnvart aðsteðjandi vanda.

Af fréttum „utan úr heimi“ vekja líklega fréttirnar frá Persíu eða Íran mestan ugg, því að trúarofstæki logar þar undir stíórni. málaólgunni, sem þar af leiðandi verður mun ofsafengnari. Hugsu mætti sér að Zarabústra spámaður, höfundur eingvðistrúar, hafi verið að revna að koma einhverju fram á þessum slóðum, sem hó hafi ekki tekizt og þar af leiðandi hafi hin verri sambönd náð tökunum. — Annars hygg ég að Zarabústra séu Norðurlandabúar og Íslendingar að sumu leyti hugstæðari en nútíma landar sínir,

því að hann var Aríi eins og við, en þar eystra hefur margt blandast saman við síðan. Þó má sjá fagurt form og allgóðan svip á sumum andlitum, og því meiri ástæða er til að harma hin skelfilegu örlög þessa fólks. Það þarf varla að efa að hugarfar aya-tollanna sumra gagnvart Zarabústra er sízt betra en sumra íslenzkra „ayatolla“ gagnvart Þorkeli mána, Steinunni hofgyðju og Baldri hinum góða.

Frá Bandaríkjunum berst frétt um það að morðingi hafi verið líflátinn í rafmagnsstól, og gæti þetta orðið inngangur að því að hundruð annarra glæpamanna verði látnir sæta hinu sama. Ég verð að játa að ég hafði ekki gert mér fulla grein fyrir því hve hættuleg stefna það er að innleiða dauðarefsingu. En dálítið athyglisvert er það, að sama daginn og þetta gerðist verður mesta flugslys í sögu Bandaríkjanna (Í Chicagó). Út frá skilningi á lífafslvæðum mætti líta á flugslysið sem eins konar tilkynningu um, hve rangsnúið það er að innleiða að nýju dauðarefsingu.

Þrátt fyrir allt sem á gengur er þó nokkur ástæða til að vera bjartsýnn. Á sambandsfundi nýlega, á Álfrólsvægi 121, var sagt: lífgeislar munu bjarga þjóðunum frá tortímingunni. Og dálítið athyglisvert var það, að í útvarpserindi á uppstigningardag, um upprisu Krists, var talað um áhrifin frá Kristi sem „lífgeislun“, og var ekki laust við að flytjandinn væri dálítið upp með sér af því orði. „Heldurðu að þetta sé vitandi eða óafvitandi fylgi við kenningu okkar?“ spurði Þorsteinn Jónsson mig, þegar þetta barst í tal. „Alveg tvímælaust óafvitandi“, sagði ég — og sé það rétt, þá er því meiri ástæða til að leggja nokkuð upp úr slíku dæmi. Fari hinir ósjálfráðu og óvitandi að stjórnast af hugsunum hinna betur vöknudu og betur vitandi, fer loks að birta af þeim morgni sem of lengi hefur þurft að bíða eftir.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

## UM HJÁFRÆÐI OG SMÁFRÆÐI

Allt frá unglingsárum hefi ég lesið með ánægju allt sem ég hefi náð í á íslenzku um vísindi, heimspeki og það sem nú er kallað hjáfræði. Allt mun þetta af líkum uppruna, þótt mönnum sem þessu sinna sé skipt í hjáfræðimenn og smáfræðimenn.

Þótt ég sé nú ekki nema 82ja ára, hafa heimspeki-ídeur og kerfi hrunið og vart talist til hjáfræða. Aftur hefur sum hjáfræði lent í flokk smáfræða. Vísindi eru lífæð mannkynsins, en ég læt þau samt teljast undir smáfræði. Framfarir eru svo örar að menn mega ekki flækja sig í kerfum og telja þau algild, því þá er gagnrýnin fyrir bí, sem sízt má vanta. Kölski sagði að faðirvorið væri ágætt, en ekki vert að tuggast á því. Háskólamenn eru ekki komnir lengra en það að hugsa í formúlum, sem þeir telja algildar, en hvað er algilt á okkar hnetti? Að hafa bréf upp á hitt og þetta er mjög afstætt hugtak, og mörg slík bréf falla fyrir róða. Heimspekingur hélt því fram að ekki væri hægt að kanna efni stjarna, en svo komu tæki til þess. Þá gleypti smáfræðin vind, en þagði þunnu hljóði.

Mér þótti fyrirlestur Þorsteins Gylfasonar, sem birtist í Lífgeislum, góður að mörgu leyti, en hafði þó að yfirbragði á sér þennan gamla menntamanna orðstír. Viðræðurnar á eftir voru enn betri. Þar sýndi sig að háskólamaðurinn kom ekki allstaðar að tómunum kofunum. Hjáfræðimennirnir virtust ekki alveg bláir á görnum, svo að Þ. Gylf. mátti vanda sín fótmál til að stíga ekki út af sinni alfræðibraut. Svo hart var að honum sótt af fullri kurteisí, að svör hans voru nafn mest á stundum. Hafí ég rétt lesið má hann eiga það, að ekki taldi hann til vísinda allt sem Háskólinn væri með á sinni könnu; sé þetta misskilningur bið ég afsökunar.

Þetta bil milli hjáfræði og smáfræði verður að reyna að brúa. Hjáfræðimenn eiga undir högg að sækja. Það er enginn leikur að ná tugi, hundruð eða þúsundir ljósára út í geiminn og leita sanninda. Okkur gengur stundum nógu illa með símann hérna. Nú mun það þó viðurkennt af vísindamönnum, að jarðstjörnur séu byggðar víða í geimnum, enda væru það hlægileg vísindi, ef hvergi væri líf nema á þessu hnattkríli. Gæti ekki skeð að sumar upp-götvanir okkar kæmu þaðan eftir einhverjum leiðum, sem við

þekkjum ekki enn? Svo mikið er víst, að slíkar hugdettur hafa birst í heilum ólærðra manna, sem aldrei höfðu um slíkt hugsað. Þetta mundi þá liggja í því, að þeir hefðu meiri móttökuhæfni. Náttúrlega er þetta bara fáfræði hjá mér. Hver vill ota sínum tota, og við því er ekkert að segja. Verksvið okkar er leit, og þó hún sé sjaldan alger, eru þar punktar, sem vísa leið. Hjáfræðin getur breyst í smáfræði og smáfræðin aftur í fáfræði.

Ég er þess viss að hægt væri að brúa bilið milli andatrúarmanna, guðspekinga og Nýalssinna, ef slíkt væri reynt af einlægni og trú á lausn þess sem um er deilt. Þessi menntunargorgeir og sjálfs-viska er nokkurskonar vanviska, og leiðir til líkra þjóðþrifa og trúarstyrjaldir.

*Halldór Pjetursson.*

## **Kjarnyrði úr Grettissögu**

### **M Y R —**

Illt er að eggja óbilgjarnan. (Grettir).

Kalt verk og karlmanligt. (Grettir).

Skýst þeim mörgum vísdómurinn, er betri von er at. (Grettir).

Verðr þat er varir ok svá hitt er eigi varir. (Grettir).

Þræll einn þegar hefnist, en argur aldrei. (Grettir).

Eindæmin eru verst. (Grettir).

Þá er eigi það að launa, sem eigi er gert. (Grettir).

Móðir er best barni. (Grettir).

Munur er að mannsliði. (Grettir).

Margt er smátt, það er til ber á síðkvöldum. (Grettir).

Orða sinna á hver ráð. (Grettir) .

Margur seilist um hurð til lokunnar. (Grettir).

## EFTIRTEKTARVERÐ SAMTÍMUN

„Fyrri heimsstyrjöldin hafði í för með sér byltingar og hernaðarlegar ófarir í Rússlandi. Eins og öllum er kunnugt, þá er talið, að morðið á Franz Ferdinand erkihertoga í Sarajevo hafi leitt til þess, að þessi mikla styrjöld braust út. En það er ekki lítið undarlegt, að á sama augnabliki og erkihertoginn var skotinn réðst brjáluð kona á Rasputin og stakk hann með rýtingi. Rasputin hataði styrjaldir og kynni að hafa getað talið keisarann ofan af því að leiða Rússland út í þessi stórhættulegu átök. En hann var einmitt rúmfastur, þegar ákvörðunin var tekin.“

Þessi orð birtust í blaðinu „Vikan“ þann 11. okt. 1979, einum af köflum Ævars R. Kvarans um undarleg atvik, og hafði ég að vísu áður heyrð sagt frá þessari morðtilraun á Rasputin og því um leið, að hann hennar vegna hafi ekki getað komið sér við til að afra keisara Rússlands frá styrjaldarþátttöku. Einnig hafði ég heyrð frá því sagt, hversu morðið á hertoganum varð vegna furðulegra mistaka á að koma í veg fyrir það. En að þetta hvorttveggja, morðið á hertoganum og morðtilraunin á Rasputin, hafi gerzt á sama andartaki, hafði ég ekki heyrð áður, en einmitt það þykir mér sérstaklega eftirtektarvert.

Í 23. bl. „Lífgeisla“ er grein, sem heitir *Frá jörð til jarðar*, og er þar eins og á einum stað í Nýalsritum Helga Pjeturss talað um viðleitni stórhöfðingja nokkurs á annarri jörð til þess að ná yfirráðum einnig hér á jörðu, og hvernig þessi viðleitni hafi verið falin í handleiðslu og eflingu lýðs nokkurs útvalins. Segir Helgi, að hafi þessi viðleitni átt að verða til þess að bjarga mannkyninu af helvegi, þá sé óhætt að segja, að sú björgun hafi mistekist. En eins og rakið er að nokkru í nefndri Lífgeislagrein, þá hefir viðleitni höfðingja þessa samt sem áður ekki orðið árangurslaus með öllu. Áhrifavaldi hinna útvöldu þjóðar hefir ekki mistekist að festa rætur á jörðinni, og mun því þó aldrei hafa orðið eins mikið ágengt og eftir styrjöldina 1914 til '18. Árangurinn af þeirri styrjöld og því, hvernig henni lyktaði, varð framar öðru aukning valds og áhrifa hins útvalda lýðs stórhöfðingjans, og reyndist svo einnig um lokaárangur hinnar síðari styrjaldar, sem segja má að verið hafi dóttir hinnar fyrri. Og hversu ljóst liggur það þá ekki



fyrir, hvílík örlagastund það hefir verið, sem hér er um að ræða, og er í því sambandi íhugunarvert, að það skyldi vera brjáluð kona, í sambandsástandi, sem morðstilraunina framdi. Þykir mér einmitt líklegt, að nokkurt ástæðissamband hafi á þessari örlagastundu verið á milli brjálæðis konunnar og þess furðulega klaufaskapar, sem mér skilst, að átt hafi sér stað varðandi öryggi hertogans og konu hans. Og hvað væri nú hið líklegasta, ef gizka skyldi á eitt-hvað til viðbótar því, sem hér hefir verið rakið? Mér þykir líklegast, að á þessari miklu örlagastundu, líklega mestu örlagastundu 20. aldarinnar, hafi víðsvegar í hinum þrotlausu stjórnugeimi ein og önnur hrikaleg ótíðindi verið að gerast, eða aðdragandi þeirra, og get ég þá ekki varist þeirri hugsun, að stillt hafi verið til þess annarsstaðar frá, sem hér varð og á eftir fór.

„Oss má ljóst vera, að Jesús frá Nasaret er sérstaklega fagurt dæmi þeirrar manntegundar, sem á íslenzku nefndist goði eða goð-orðsmaður,“ segir Helgi Pjeturss á einum stað í Nýal, og sé ég ekki ástæðu til annars en að vera honum þar sammála. Guðsamband Jesú verður að ætla, að verið hafi mjög uppávið, og að þaðan hafi því ekki stafað sú viðleitni, sem hér hefir verið vikið að. En þegar það ekki verður, sem til var stefnt á hinn betri veg, þá er alltaf hætt við að fari illa. Það var ástúðin en ekki valdið, sem Jesús boðaði með lífernri sínu og orðum. En hann var líflátinn á ómannúðlegan hátt, og boðskap hans síðar breytt í þann fráleita misskilning fylgjenda hans, að slíkt hafi verið nauðsynleg friðþæging grimmdarfullum guði. Var þar eitt af því, sem kom í veg fyrir, að kristindómurinn gæti bjargað. Og hvað var það svo, sem áfram lifði hjá þeim meiri hluta hins útvalda lýðs, sem hafnaði kristindómnum og hafnar enn? Það var draumurinn um áhrif og völd. Og það sem stillt virðist hafa verið til frá einhverjum öðrum stað þessa umræddu örlagastund 1914, er að atburðarásin mætti verða í þá átt, að sá draumur rættist.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.*

## GESTUR FRÁ ÖÐRUM HNETTI?

### I.

Enn hefur komist á kreik saga um vatnaskrímsli (Sjá Morgunbl. 26. ágúst 1978). Að þessu sinni á slíkt furðudýr að hafa sést í Seljordvatninu á Pelamörk í Noregi. Og þetta virðist ekki vera einstök sýn heldur hefur dýrið sést hvað eftir annað.

Vísindamenn hafa farið á staðinn til að rannsaka raunveruleika þessara sagna. Og þeir hafa haft með sér þann besta tækjabúnað sem völ er á til slíkra rannsókna. Telja þeir sig svo vel í stakk búna, að þeir ættu að hafa komist að öruggri niðurstöðu innan fárra mánaða.

Samkvæmt lýsingum sjónarvotta er vatnaormur þessi um 15—20 m langur með stórhreistraðan búk og höfuð sem minnir á elgshöfuð.

### II.

Við og við berast óvæntar fregnir af furðudýrum, og vísindamenn hafa lagt sig fram um að rannsaka þessi fyrirbæri, með nýjustu tækni, því þeir hafa álitnið, að hér sé um enn óþekktar dýrategundir að ræða. En þeir hafa ekki haft erindi sem erfiði. Dýrin hafa lítt eða ekki gert vart við sig í námunda vísindamanna eða tækja þeirra. Þau eru því enn sem fyrr furðudýr, sem ekki hefur tekist að henda reiður á. Þau sjást stundum óvænt en í næstu andrá eru þau horfin með öllu.

Slíkt kemur og fram í fregninni um þetta norska furðudýr. Þar segir m. a.: „Við athuganir í júní sl. kom fram á línuriti mælingatækja „*eitthvað*“ sem nálgadist rannsóknarbátinn, síðan stanzaði það og hvarf svo skyndilega.“

Undarlegt er, að dýr þessi hverfa stundum skyndilega. Slíkt á sér ekki stað um venjuleg „jarðnesk“ dýr. Þetta er eitt af því sem menn hafa enn ekki áttað sig á, hvorki vísindamenn eða aðrir. Einhverra orsaka verður að leita, annarra en þeirra sem þekktar eru og viðurkenndar. Hvert gæti verið eðli þessara merkilegu dýra, sem enn hefur ekki tekist að handsama eða gera rannsóknir á? Og þó eru menn vissir um tilvist þeirra.

Það skyldi þó ekki vera, að furðudýr þessi, eins og það sem nú er reynt að finna og rannsaka í Seljordvatninu, séu með nokkrum hætti annars eðlis, en önnur jarðnesk dýr? Tilheyra þau í

rauninni dýraríki jarðar okkar? Eða verður að leita annarra skýringa, og þá hverra?

Hygg ég að skýringar dr. Helga Pjeturss, um eðli lífs og lífsambanda, verði hér drýgstar til skilningsauka:

Á óteljandi hnöttum alheimsins þróast lífið fram. Lífgeislan stafar frá öllu sem lifir og bylgjast fram um geimdjúpin frá einum hnetti til annars. Fjarlægðir eru lífgeislaninni engin hindrun. Það er eitt eðli lífgeislunar, að svipur eða líkamningar þeirrar lífveru, sem geislanin stafar frá, getur birst og komið fram í fjarlægum stað, jafnvel á öðrum hnetti, þar sem skilyrði til slíkrar framkomu eru fyrir hendi. Hér er um það fyrirbæri að ræða, er hamfarir kallast, og er alls ekki óþekkt hér á jörðu, þótt fáir vísindamenn hafi enn látið sér skiljast þennan möguleika lífsins.

Ég hygg, að dýrið furðulega, sem nú er leitað í Seljordvatninu, sé einmitt þessa eðlis. Það mun ekki eiga heima hér á jörðu, heldur mun heimkynni þess vera í einhverju vatni á öðrum hnetti. Fyrir eitthvert sérstakt ástæði eða skilyrði í Seljordvatni, hefur þetta dýr annars hnattar líkamnast um stundarsakir í þessu norska vatni, og því orðið mönnum sýnilegt við og við. Efnun þess hér, er aðeins stundarfyrirbrigði. Það kemur hér fram, efnast um stund og hverfur aftur, jafn skyndilega og það kom. Aftur og aftur getur þetta gerst, með stuttu eða löngu millibili. Og meðan þessar stuttu heimsóknir dýrsins standa yfir, getur orðið sýnilegt og áþreifanlegt (en alls ekki þess á milli). Ef sérstaklega stendur á, er því hægt að ná af því ljósmyndum, ef það birtist á yfirborði vatnsins, og einnig væri hægt að verða þess var með radar eða öðrum leitartækjum ef það kæmi fram djúpt í vatninu. En ekki get ég hugsað mér að unnt yrði að handsama eða veiða slíkt dýr, því eðli þess er að hverfa með skyndingu til síns heima.

Ekki kann ég skýringu á því, hvaða orsakir liggja til skyndiheimsókna sem þessara. En þó má telja víst, að hið almenna líf-aflsvæði þessa landshluta eða þessa héraðs, eigi hér sinn hlut að máli, rétt eins og annarra staða, þar sem hliðstæðir atburðir gerast. Kemur þar margt til og fyrst og fremst hinn almenni hugsunaráttur og einnig viðhorf fólks til fyrirbæra, sem enn hafa ekki verið útskýrð á náttúrufræðilegan hátt.

En öll fyrirbæri eru náttúruleg og eðlileg þegar náð er réttum skilningi á eðli þeirra.

*Ingvar Agnarsson.*

*(Birtist í Mbl. 20/9 1978).*

## BÓKIN, SEM HVARF

### I.

Bóksali nokkur sagði mér eftirfarandi sögu:

„Maður einn, sem ég þekki, hringdi til mín og spurði um ákveðna bók, sem hann kvaðst vilja eignast. Ég fann svo bókina í bókageymslunni, bak við búðina, og lagði hana á borðið. Í því bili kom maður inn í búðina og fór ég að tala við hann. En er hann var farinn, ætlaði ég að taka bókina aftur, þar sem ég hafði lagt hana frá mér, en hún var þá horfin. Og hvernig sem ég leitaði, gat ég ekki fundið hana. Mér var þetta alveg óskiljanlegt, því enginn hefði getað tekið bókina á þessum stutta tíma.

Liðu svo nokkrir dagar án þess að bókin kæmi fram. Í búðinni er lítið borð, og á það hafði ég nú látið nokkrar bækur í bunka, hverja ofan á aðra. En eitt sinn er ég leit við, þá var týnda bókin komin þar. Hún lá ofan á hinum bókunum, sem ég hafði lagt í bunka á borðið. Ég varð svo undrandi, að ég á engin orð til að lýsa því.“

### II.

Óteljandi sagnir eru um hluti, sem hverfa með óvæntum hætti og finnast svo aftur á jafnóskiljanlegan hátt, að einhverjum tíma liðnum. Hvernig má slíkt verða? Hverjar munu vera helstu skýringar?

Allt eru þetta merkileg fyrirbæri, þótt oftast sé ekki haft hátt um þau. En víst eru þau þess virði, að þeim sé safnað, og að þau komi fyrir augu almennings.

Í Lífgeislum hafa slíkar frásagnir birst nokkrum sinnum. Og enn vill útgáfa þessa rits óska eftir fleiri slíkum frásögnum.

*Ingvar Agnarsson.*

## NEUES DENKEN

NEUES DENKEN, hið þýzka tímarit sem minnzt hefur verið á í Lífgeislum áður, heldur áfram að koma út og virðist vera í sókn hvað útlit og fjölbreytni snertir. Grundvöllur slíks rits er áhugi sá sem fyrir hendi er meðal þýzkumælandi fólks í ýmsum löndum, á „dulrænum“ fyrirbærum og andlegum framförum, og þá sérstaklega sú aðdáun á og fylgi við K. O. Schmidt sem þegar er fyrir hendi og síðan einnig við A. R. Walther, eftirmann hans og arftaka. En þeir hafa báðir unnið mikið starf sem lífs-leiðbeinendur fyrir fjölda fólks.

Á hvern hátt verður NEUES DENKEN til stuðnings Stjórnunálefningu? (septemberheftið er að miklu leyti helgað stjórnumál. efnum). Þar er náttúrulega ekki komið á þann grundvöll sem við hér teljum okkur hafa á að byggja, en viðleitnin stefnir í þessa átt. Þarna er lífandi hreyfing, „eftir Jarðar hætti“, sem hefur þessa möguleika í sér. Ég vil sérstaklega benda á það hugtak í fræðum K. O. Schmidts sem nefnist stjarngæslumenn (Astromanten). Óskum þess eindregið að meðal Neues-Denken-manna komi fram stjarngæslumenn. Afleiðingar þess munu verða miklar og merki-  
legar.

Sendið umsóknir um áskrift til hins unga og ötula útgáfustjóra:

ALFRED KRAUS  
POSTFACH 30  
D-8729 KNETZGAU.

## DRAUMAR JOHNS ALEXANDER

Eins og lesendur Lífgeisla hafa vafalaust tekið eftir, hefur það farið í vöxt síðustu árin að Nýalssinnar og aðrir gegni þeirri þjóðernisskyldu sinni að kynna erlendu fólki hinar íslenzku heimskenningar, enda er það sannmæli sem fyrir löngu var sagt að Nýalssstefnan er hvorttveggja í senn hin þjóðlegasta heimspeki og hin alþjóðlegasta. Vonandi er að sem flestum verði vel ágengt í þessu nauðsynlega starfi, bæði meðal samlanda sinna og meðal annarra þjóða fólks. Gæti ég sagt eina og aðra sögu af mínum tilraunum í þessa átt, en ætla hér þó aðeins að geta um einn nýjan mann í þessu, og nefnist hann John Alexander, ungur bóksölu- maður fyrir brezkt fyrirtæki, en hann heimsótti mig í sumar er leið (1979) og ræddi við mig um þessi mál. J. A. er fæddur í Ástralíu en er settur að í Englandi eins og systir hans og fleira úr fjölskyldunni; þau eru frítt fólk, gjörvulegt og vel hugsandi.

„Hvað þótti þér nú mest um vert, þegar þú last „Astrobiology“? spurði ég, en hann svaraði af bragði: „kafllann um drauma — því ég hef lesið margt um drauma og hugsað um þá, en hvergi fengið neina skýringu á því hvað þeir eru fyrir en þarna“. Sjálfur er J. A. draumamaður, tekur eftir og man vel drauma sína. En eitt af því sem J. A. sagði mér var þetta:

Áður en hann kynntist þessari draumaskýringu, þekkti hann mann sem einnig var mikill draumamaður, eins og hann sjálfur, en sá var munurinn, að þar sem J. A. dreymir staði, þar sem líkt ástand er og hér eða sízt betra, dreymdi vin hans fagra staði og dásamlega. Einhvernveginn gátu þeir borið þetta saman, þótt fullan skilning vantaði. En nú kemur að því sem merkilegt er, og það eru áhrifin, sem það hafði á vin J. A., að dreyma svona vel. Það varð nefnilega þannig, að honum fór að finnast fátt um það líf, sem lifað er hér á jörð, að ljótleikur og viðurstyggð yfirgnæfði hér, og hann fór að óska sér í burt. Og skömmu síðar dó þessi maður, sem ef til vill hefði getað orðið hinn beztu liðsmaður nýrrar sóknar.

En John Alexander lifir, og hann lætur sér ekkj allt fyrir brjósti brenna; honum þykir gaman að lifa, og honum þykir sem draumar séu ævintýri þótt ógnvekjandi séu. Og nú veit hann hvers eðlis þeir eru. Honum segist svo frá (þýðing):

**21. júlí 1978.**

„Í upphafi draumsins átti ég ýmisleg skipti og samtal við gamla vinstúlku mína, en í þessum svífum brýzt út styrjöld, himinninn er sleginn eldglömpum, blindandi hvítum blossom úr öllum áttum; jafnvel nærri mér er ekki mikið um drunur eða hávaða, en því meira um hvíta blossa. Ég verð fyrir einhverjum hnykk og kastast út úr byggingunni, og finnst sem fótleggir mínir klofni. Öðru sinni verð ég fyrir „skoti“ og finn að nú brenn ég allur við þvílíkan hita að ég veit ekki hvort ég er lifandi eða dauður. Glampar og drunur hverfa, og allt er kyrrt. Líkami (eða lík) er rétt hjá mér; ef til vill er það vinkona mín. Ég heyri þunglamalegt fótatak einhverra risa færast nær og síðan er eins og hnífur eða kjötsveðja risti mig á hol eftir endilangri mænunni.

Ég vakna um borð í geysimiklu geimfari. Hinar ókunnu verur eru vísindalega sinnaðar; líkami minn er heill og gróinn — allir eru í gráum silfurbjörtum búningum. Ég kemst að því að stjórn-málaklækir og barátta fara þarna fram. Ég nota tímann vel til að skoða mig um, þar sem ég er látinn vera í friði. Farartækið er ótrúlega stórt, svo sem það væri heill hnöttur í sjálfu sér. Ég mæti þarna ýmsum, sem ég kannast við, þeirra á meðal stúlkunni, sem áður var á minnst. Þar kemur að við lendum á þeirra hnetti eða að minnsta kosti á einhverjum hnetti, en ég man ekki hvernig það var.

Dreymt heima hjá mér í Yorkshire, 21. júlí 1978, um tungl-fyllingu, John Alexander.

### **Annar draumur J. A.**

Mig dreymir að ég sé heima í Yorkshire og sé að búa mig undir brottför eldsnemma á mánudagsmorgni (en húsið og landslagið er mjög ólíkt því sem er). Skyndilega veiti ég því athygli, að skapahár mín eru horfin, og síðan fellur af mér allt annað hár svo að ég er gersamlega hárlaus — og verð gripinn skelfingu. Ég ímynda mér að ég hljóti að vera með hvítblæði og ætla til læknis í Halifax (Vegurinn er mjög undarlegur og eyðilegur og liggur um flatlendi). Ég þykist vita af læknum jinni í sjúkrahúsi og yfir-læknirinn er í sólbaði úti. Þeir skoða mig og ég fyllist örvæntingu yfir því að eiga aðeins fáa mánuði ólifaða. Ég vakna af þessari óttablöndnu martröð.“

Stokkhólmi 6. júní 1978.

**Aths. J. A. sjálfs:**

„Vera má að ég hafi komið í samband við hárlausa veru á öðrum hnetti, og tengt mig við hana með því að túlka hlutina eftir því sem ég þekki sjálfur: „hvítblæði“, „húsið í Yorkshire“, „læknir í Halifax“, hafa þá verið mínar hugmyndir, sem ég gat tengt við það, sem var á þessari annarri jörð . . .

Á þennan hátt verða kenningar (Helga) Pjeturss og draumatúlkun (sálgreining) ekki ósættanlegar andstæður. Á sama hátt og hver einstaklingur skoðar málverk eða kvikmynd eða les bók á annan hátt en hver annar, vegna þess að persónuleiki hans er sérstakur, þannig gefur hinn sofandi hugur túlkað persónulega þær sýnir, sem honum berast frá draumgjafanum.“

**Aths. P. G.:**

Vel mælt hjá J. A. Lögmál rangþýðinganna liggur alveg ljóst fyrir honum! Betur að sumir Íslendingar skildu jafn vel.

*Þorsteinn Guðjónsson*

*þýddi og samdi inngangsorð.*

**M Y R —**

**Úr „Spámanninum“ eftir Kahlil Gilran**

Það er gleði býflugunnar að safna hunangi blómsins . . . Það er einnig gleði blómsins að gefa hunang sitt . . . Því að býflugunni er blómið uppspretta lífsins, og blóminu er býflugan sendiboði ástarinnar, og það er þörf þeirra óg gleði að gefa og þiggja.

Fegurðin er leiftur guðdómsins.

Gleðisöngvar eru ekki sungnir í fangelsum.

Trúðu á draum þinn, því að hann er hlið eilífðarinnar.

Hvað er viska í hafti orðsins annað en skuggi hinnar orðvana þekkingar?



## FRÁ JÖRÐ TIL JARÐAR

Enn gefst mér kostur að tala til þín, þú hinn þrautgóði viðtakandi á Miðgarðs-jörð, frumlífsjörð ófullkominni þar sem sízt stefnir betur en hér, þú hinn ágæti Burdlík, sem rutt hefur brautina í þínum heimkynnum, brautina þá sem fáir hafa enn fengizt til að fara, enda þótt margir sjái með sjálfum sér að engin önnur leið er fær. Ég sem sendi er sá hinn sami sem fyrr, einn af lesandi lærisveinum Jarðar-brautryðjandans, og vil ég nú reyna að segja þér nokkuð af Jarðar-högum og Jarðar-ástandi eins og það hefur þróazt síðan ég náði að beina til þín hugsun og orðum.

Það muntu þegar vita að hér eru þeir búnir þeim hnatteyðandi vopnum sem þeir kalla kjarnorku og að hér eru stórfylkingar hervelda og að hér eru hugsunarstefnur, sem að nokkru leyti eru tengdar valdi þessara hervelda og að hér eru trúarbrögð fornescjuleg á einu leitinu en ruddalegt og smásálarlegt guðleysi á hinu leitinu og er mönnum yfirleitt skipað í flokk með „andstæðingum“ ef þeir víkja eitthvað frá þessum aðalstefnum. Það muntu einnig vita að fyrir tíma sem svarar til fjórðungs mannsævi komust þeir upp á lag með að búa út „jafnvægi skelfinganna“, svo að hvorugir ráðast á annan með hnatteyðandi vopnum að svo komnu. Þrátt fyrir allt hefur orðið komizt hjá því fram að þessu. Þeir hafa haft aðhald af því að kveiking bálsins mundi eyða þeim sjálfum.

En á síðustu vikum og mánuðum hefur heldur betur komizt hreyfing á, og bendir margt til þess að svo geti farið, að þrýstingur og hraði atburðanna taki af þeim alla stjórn og kveiki þetta bál hvað svo sem skynsemin segir þeim. Vil ég í stuttu máli segja þér nokkuð af þessum atburðum.

Fyrir norðan miðbaug jarðarinnar liggja fjölmörg lönd á býsna löngu svæði (nærri hálfhring) sem byggð eru ólíkum þjóðum af ólíkum kynstofnum, flestum þó meir eða minna dökklituum, en þjóðir þessar eiga það sameiginlegt flestar að teljast til sömu trúarbragða, sem kennd eru við Spámanninn mikla sem uppi var nokkrum öldum á eftir hinum líflátna ágætismanni, sem ég sagði þér frá síðast. Spámaðurinn mikli ríkti við lok ævi sinnar einkum yfir tveim borgum í sandauðnalandinu mikla, og eru þær borgir taldar helgar meðal áhangenda hans síðan. Undantekning í belti

Þessu eru Indíalöndin þar sem enn býr að arfi hinna ljóslituðu, sem uppi voru í fornöld, þó að flest fólk þar sé nú dökkt orðið.

Í löndum spámannsins mikla eru nú geysimiklar hreyfingar og ókyrrð, og til marks um hvað ástandið er orðið tvísýnt er það, að þar eru farnir að koma fram „frelsarar“, ýmist í líki trúarlegra stjórn málaforingja eða hreint og beint yfirlýstir frelsarar. Náði upp-reisnarflokkur eins slíks borg þeirra hinni helgu á sitt vald nýlega en voru síðan gersigraðir og líflátnir. Spámansþjóðir hatast nú mjög við „hina útvöldu“, sem ég sagði þér frá síðast, enda eru þeir landfræðilegir nágrannar þeirra og deilir á um landamæri. Og náttúrlega blandast yfirveldin, þessi með hnatteyðandi vopnin, inn í þann leik, og er skiptingin í stuttu máli þannig að veldið með peningana og að nokkru leyti með trúarbrögðin (það er í sérstöku álfunni milli úthafa) styður hina útvöldu, en veldið með hið harða skipulag og yfirlýst trúleysi styður spámansþjóðir. En þar er líka sú mótsögn að spámansþjóðir eru ófúsar að taka upp skipulag þess veldis, og hljótast af því ýmsir árekstrar. Hefur gengið á ýmsu með stóratburði meðal þessara þjóða síðustu mán. uðina, og óttast margir friðrof svo um muni.

Eitt hið skrítnasta í þessari framvindu er það, að samhliða ólgunni og spennunni gerist það að málmurinn gull (rauðguli málmurinn þungi, sem lítt gengur í efnasambönd, og einnig mun vera til á þinni jörð) hækkar mjög í verði, og má nærri því mæla hættu-stigið á því, hvað guli málmurinn hækkar. En eldsneytið olía hefur einnig hækkað geysilega, og það er geysilega afdrifaríkt fyrir allan efnahag. Það er mikil hætta á því að framundan séu hinir hrika-legustu atburðir víða um jörðina, og sumir eru farnir að spá „heimsendi“, sem þeir kalla, því að sú hugsun virðist fjær þeim en nokkru sinni, að þeir séu ekki einu íbúar alheimsins. Trúar-bragðaforingjar virðast jafnvel helst vera á því stigi að halda að jörðin sé flöt, og hefur yfirstórveldunum ekki enn hugkvæmst að senda geimför sín yfir lönd þeirra, sem þó gæti veikt völd slíkra, með því móti að almenningur hugsaði aðeins upp fyrir skýjaþykknið.

*Jarðarbyggi.*

## UNDARLEGUR DRAUMUR OG EFTIRTEKTARVERT MÁLPING

*Málþing Íslendinga I. Útg. Lífgeislaútgáfan 1979. Ritstj.: Þorst. Guðjónsson.*

Einhverja nótt fyrir ekki löngu dreymdi mig, að ég væri að rifja upp fyrir mér, að ég hefði gert mér ferð að Gilsbakka í Hvítársíðu til þess að tala við Guðmund Helgason, fyrrum prest í Reykholti, og hafði ég það á tilfinningunni, að þetta hefði glatt hann verulega. Var þetta undarlegur draumur, því að fjarri fer, að endurminning þessi hefði við raunveruleik að styðjast. Raunverulega hefir það aldrei átt sér stað, sem draumurinn bendir til, og er hér því um að ræða ótvírætt dæmi um, að sofandi maður hafi verið annar en hann er í vöku. En þegar ég svo síðar í „Málþingi Íslendinga“ rakst á ályktunarorð Þorsteins úr Bæ um Guðmund Helgason ásamt því, sem ég í Kaupfélagsriti Borgfirðinga hafði látið fylgja þeim, þá var ekki laust við, að upp rynni fyrir mér nokkurt ljós. Kom mér þá í hug, að Guðmundi kynni, í framlífi sínu, að hafa vitnast þessi upprifjan mín þar, og sem einnig er tekin upp í málþingið, um hina óafvituðu þátttöku hans í frækilegasta afreki frumlegasta vísindamanns þjóðarinnar, og að sú upprifjan hefði glatt hann. Get ég hugsað mér þetta þannig, að draumgjafi minn, sem auðvitað hefir verið á alltöðrum stað en ég þóttist verið hafa, hafi þar með einhverjum hætti orðið tengiliður milli mín og hins lönguliðna klerks, sem ég aðeins lítillaga hafði haft kynni af í bernsku. En að tengiáhrifa þessara skyldi ekki gæta fyrr en upprifjan mín um afreksþátttöku hans birtist einnig í Málþingi Íslendinga, þykir mér spá góðu um útkomu þess rits. Skal hér ekki önnur grein gerð fyrir því riti en sú, að þar er safn ritgerða og ummæla ýmsra manna, flestra þjóðkunnra, um Helga Þjeturss og verk hans, og eru þau öll frá þeim tíma, sem liðinn er síðan Nýall byrjaði að koma út. Eru það upprifjanir eingöngu á hinn betri veg og því þannig, að gleðja megí framlífendur þá, sem þar eiga hlut að máli. Vænti ég þess, að unnendur Nýals og nýalskra mál-efna taki riti þessu vel, því að það er gert samkvæmt smekkvísi og af góðum hug.

Nóv. 1979.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum,  
Mbl., 16. desember 1979.*

## FEDGARNIR

Hver vinnur eins ágæta vegabót,  
þó verkatíminn sé naumur,  
og léttir eins stirðan og fúinn fót  
sem feðgarnir: Svefn og Draumur?  
Þeir leggja eimbrautir austur að sól,  
um Atlantshaf þvert og norður á pól,  
á sál mína flugham þeir festa,  
hinn fegursta, nýjasta og bezta.

Hvort jörðin er gráofnum grímuhjúp sveipt  
eða glitskikkju vorsólar búin,  
er gulltoppu feðganna á himininn hleypt  
af himnesku eldfjöri knúin.  
Þeir eiga verksmiðju austur frá sól,  
á aljarðarstraumum og norður á pól.  
Úr geislunum glitvef þeir búa  
og glerþráð úr kristöllum snúa.

Í himininn flytja þeir fýst mína í sel,  
er flýja mig vökunnar annir;  
þá renni eg göndum um ragna hvel  
og reikistjarnanna hrannir.  
Því draumvonin býr fyrir handan höf,  
á hæðinni sunnan og ofan við gröf,  
í allaufgum, angandí runni  
hjá ódáiins ljósveiga brunni.

*Guðmundur Friðjónsson.*

# Draumar

## Steinasöfnun í draumi 27. 10. 1979

### Formáli.

Ég vaknaði snemma þennan morgun og leið óvenjulega vel, því að undanförunu hafði ég haft harðar draumfarir, þótt ég myndi ekki draumana að morgni. Hugur minn dvelur stundum við úrvals steina, sem ég var að tína saman um áratugi. Þær leiðir eru mér nú lokaðar og ég komið safni mínu í höfn. Ekki eru þó allar þessar leiðir lokaðar, sumir vinir mínir senda mér steina til að gleðja mín gömlu augu og engin gjöf er betur þegin. Mér verður á einhvern hátt séð fyrir mat til leiðarloka og allir mínir steinar munu skila sér landsmönnum til yndis, en ekki útlendingum til prangs eins og nú tíðkast.

### Draumurinn.

Í draum þessum er ég staddur við svonefndan Krosshöfða við ósa Selfljóts á Austurlandi. Staður þessi er í daglegu tali kallaður Höfði. Þar sem ég er staddur hefi ég það á tilfinningunni, að ég sé að koma frá Borgarfirði um Njarðvíkurskriður. Ekkert er mér þó ljóst úr þeirri för. Þarna í vikum við Krosshöfðann veit ég að stundum eru úrvalssteinar, sem berast með skriðum úr fjallinu og oft alla leið niður í fjörð, ef hún er til staðar. Ég klöngrast út í þessar vikur og litast um Mér finst ég alheilbrigður og hjarta mitt slær eins og í gamla daga, en slíkt hefur ekki skeð um áraraðir. Í vikum þessum verður fyrir mér dásamlega fallegur jaspís, sem ég, þegar til alls kemur, tek framyfir aðrar steintegundir. Það er kannski fyrir það að ég las það einhversstaðar, að Salomon gamli með allt sitt gull og ástkonur, hefði safnað jaspís. Ég hafði aldrei komið þarna áður, þekkti þetta aðeins af spurn. Strax er tekið til verka og ekki slegið af, heldur unnið markvisst. Ekki sé ég

annað af steinum sem ég girnist en jaspísinn, hann er þarna í ótal litum og stærðum og gleður augu mín. Einn toppmyndaður blasir við mér um 50 sm á hæð og ég ber hann upp í klungrið upp úr vikinni. Ég verð að finna felustað fyrir þessa söfnun, því svo hefur umvenst, að nú taka menn steina ófrjálsri hendi. Finn þarna nægilega gjótu, sem ég ætla svo að loka með stærri steinum. Í þessari vík er mikið af jaspís og ég vel og hafna eins og gamall safnari. Rekst á glæsilega hellu í ótal litum en það stóra að hún er mitt ofurefli, samt ekki það þykk að ég get brotið hana með steini við mitt hæfi. Stykkin missa í engu gildi sitt og smáflísarnar eru svo dásamlegar að ég gæli við þær um leið og ég sting þeim í vasa minn. Allt þetta ber ég upp í gjótuna og held svo á ný til fanga og tíni saman í hrúgu.

Nú ber nýrra við, ég sé í einskonar skuggsjá stóran jaspísstein, fallega myndaðan í ótal litum og blæbrigðum, og stendur svo virðulega líkt og reistur af mannahöndum í sérstökum tilgangi.

Steinn þessi var ófæð mörg hundruð kg. Ég stari eins og í leiðslu á þetta fagurmyndaða furðu stykki, sem minnir mig helst á legstein eða minnismerki um eitthvað sérstakt. Hvað á ég að gera, er nokkur leið að færa þennan stein þangað sem hægt er að taka hann á bíl, skynja þá að ég veit ekki hvar hann er í raun, enda hverfur hann í sömu andrá. Hann er þó ljóslifandi í huga mínum og hverfur vart þaðan.

Leiðslunni er lokið og ég ber allan minn feng upp í gjótuna. Allt í einu koma til mín nokkrir Borgfirðingar, þekki enga þeirra, veit bara að þeir eru þaðan. Það er líkt og með landslagið á Höfðanum og þar í kring sem ég þekkti í æsku, vissi bara að ég var þarna en kannaðist ekki við neitt. Hvað um það ég tek þessa menn í mína þjónustu og við setjum svo grjót yfir gjótuna. Þegar ég að lokum lít á fráganginn stari ég þar á eins og fábjáni. Björgin yfir gjótunni voru svo stór að þau mundi enginn hreyfa nema með nýtísku vélum. Nú tekur einn úr hópnum til máls og segir, höldum nú á stað inn að Unaósi, sem er næsti bær. Þetta er mér allt kunnugt. Bærinn er kenndur við Una hinn danska, sem lenti við Krosshöfða, byggði á Unaósi og nam land Unalækjar á Völlum. Ég slæst í förina; veit þó ekki að ég eigi nokkurt erindi til þessa bæjar. Þá tekur annar maður til máls og segir. Hann Hallsteinn var úti á túni á Ósi ásamt fleirum, að mér skildist og hann var með flösku af víni sem hann ætlar að hressa þig á. Ég veit að maðurinn á við Hallstein Sigurðsson frænda minn, sem er löngu

dáinn. Það skynjaði ég samt ekki, en hann var með ágætustu mönnum sem ég hefði kynnst og mikið hlakkaði ég til samfunda við hann.

Með þessu sleit draum þessum og ég glaðvaknaði, dreif mig í fötin og skrifaði drauminn upp fyrir hádegi þennan sama dag, svo ekkert færi á milli mála.

*Halldór Pjetursson, Kópavogi.*

### **Eftirmáli.**

Draumur þessi er ef til vill ekki merkilegur, en vísar þó í sanni til kenninga Helga Pjeturss. Ég er þarna á gagnkunnugum slóðum. Finnst ég þarna úr Borgarfirði um Njarðvíkurskriður, man þó ekkert nema nöfnin. Var líka kunnugur á Krosshöfða, hafði þó ekki komið út í þessar vikur, sem koma fyrir í draumnum. Man bara nafn á einni, sem heitir Stapavík, en hún kemur ekki inn í drauminn. Vissi þó af spurn á síðari árum að þarna væri að finna fallega steina, en svo er í öllum þessum fjöllum. Stóri jaspissteinninn sem ég sá í skuggsjá held ég að merki eitthvað. Undarlegt er líka með Borgfirðingana sem þarna koma við sögu. Veit bara að þeir eru Borgfirðingar, en þekkti engan þeirra, veit þó skil á flestum þar enn í dag.

Ferðin inn að Unaósi skal liggja á milli hluta þar sem ég á að finna Hallstein, enda fæst ég ekki við draumaráðningar. Bendi bara á það sem mér finnst markvert við þennan draum frá mínu sjónarmiði.

H. P.

## **Draumur um undarlegan skóg**

### **I.**

Margt er það í draumi, sem öðruvísi lítur út, en nokkuð sem við áður höfum séð, eða látið okkur til hugar koma. Þó virðist allt sem við sjáum í draumum vera jafn raunverulegt og efniskennt, eins og það, sem við í vöku sjáum. Og öll draumreynsla virðist vera jafn áþreifanleg og eðlileg, eins og sú reynsla, sem mætir

okkur í vöku. Hvort sem við í draumi horfum á eitthvað, hugleiðum eitthvað eða rifjum upp í huganum einhverja endurminningu, þá virðist þetta allt fara eftir sömu leiðum og þótt í vöku væri. Sá er eini munurinn, að í draumi eru hlutirnir aðrir og oft öðru vísi útlits en þeir, sem við höfum séð í vöku, og endurminningar okkar í draumi eru ævinlega aðrar, en þær, sem við eigum úr vökulífi okkar.

Augljóst virðist, er við athugum vel drauma okkar, að kenning Helga Pjeturss um draumgjafa, er á rökum reist. Það sem okkur dreymir er ævinlega reynsla einhvers annars manns, sem er vakandi á þeirri stundu, sem draumar okkar gerist. Samband hefur komist á, milli þess sem vakir og þess sem sefur. Draumgjafinn er sá sem er virkur, og áhrif frá honum berast inn í óvirka vitund þess sem sefur. Draumur er okkur ævinlega að draumlökum sem endurminning, því draumurinn er liðinn þegar við vöknum, og við getum aðeins rifjað hann upp. En á meðan hann varir er hann ævinlega sem samtímaskynjun og engu óraunverulegri en vöku-reynsla.

## II.

Mig langar til að segja frá draumi, sem mig dreymdi í nótt sem leið (15/11, 1978).

Mér þótti ég ganga um svæði, sem vaxið var ákaflega einkennilegum gróðri. Þetta var einskonar skógur, og voru þó trén öðruvísi að lögun, en nokkur, er ég hef í vöku séð, og veit ég ekki einu sinni, hvort tré með slíkri lögun eru til á okkar jörð.


Trén stóðu upp úr jörðinni; tóku á sig beygju og lágu síðan flöt á jörðinni, uns sá endi, sem fjær var rótinni beygði aftur og sneri beint upp. Þar endaði trjástofninn, og greindist í margar grannar greinar, er stóðu beint upp í loftið. M. ö. o., upp úr þessum enda stofnsins uxu margir grannir stönglar, og báru þeir blöð. Um hæð þeirra vil ég ekki fullyrða, en mér virtist þeir ná upp í svo sem 5 til 10 metra hæð.

Trjástofnarnir, sem á jörðinni lágu, voru mjög misgildir og mislangir. Þeir sverustu munu hafa verið á annan metra í þvermál, og lengd þeirra lengstu um 8 metrar. Börkur þeirra var fremur sléttur og ljósbrúnn eða ljósgulur á lit.

Allþéttur var þessi skógur, og víða lögðust stofnar sumra trjáanna ofan á stofna annarra trjáa.

Ég gekk um skóginn en ógreiðfært var að komast áfram, vegna





### Hin undarlegu skógartré.

Þessara liggjandi trjástofna, og varð ég víða að stíga yfir þá, og valdi ég mér þá jafnan leið yfir þá grennstu.

Þar sem ég gekk um þennan undarlega skóg, varð ég þess var, að allt var krökkt af lífi. Ótal dýr voru á ferli, flest smá. Sum skutust úr holum sínum er ég nálgadist. Þau virtust hafa bústaði sína undir trjástofnunum. Þetta voru flest lítil dýr, lík músum eða rottum, en eitt dýr sá ég, sem helst má líkja við ref. Var það langt og lágfætt, gul- og brúnfleckkótt, með langt og mjótt trýni. Það skaust úr holu sinni undan trjástofni, og þaut í burtu, er ég nálgadist.

Einhver lággróður, líkt og gras, huldi skógarsvörðinn. Fann ég, að mjög var þarna mjúkt undir fæti.

Nú kom ég að einum af þessum liggjandi trjábolum, og vakti hann undireins athygli mína, vegna þess, að hann var öllu sverari, en nokkur þeirra, sem ég hafði áður séð. Og hann var mjög ljós-gulur á lit. Ég sá að stór, ferhyrnd hola var inn í miðja hlið þessa trés. Ég kom fast að því, og gægðist inn í holuna. Sá ég þá að tréð hafði verið holað að innan, og ég sá að ljós logaði þarna inni. Þóttist ég þá vita, að einhver maður hefði gert sér þarna bústað. En enginn var þarna inni, þessa stundina. Sá ég við birtu ljóssins,

sem logaði þarna, að liturinn á viðnum í trénu var mjög hvítur, og þótti mér þetta fagur viðarlitur.

Sneri ég nú frá þessum lágvaxna mannabústað og hélt áfram göngu minni um þennan einkennilega skóg. Og varð draumurinn ekki lengri.

### III.

Alveg tel ég víst, að draumur sá, er hér greinir, eigi upptök sín í einhverjum fjarlægum stað, og þá sennilega á einhverri jarðstjörnu í öðru sólhverfi, því ekki held ég, að skógur sé til á okkar jörð, slíkur, sem mér birtist í draumnum. Draumgjafi minn, sá sem draumurinn hefur stafað frá, hefur verið á ferð um skóglendi það, sem nokkuð var af sagt hér á undan, og það sem hann hefur séð og athugað hefur borist sofandi heila mínum, fyrir fjargeislan. Sá sem sefur og dreymir verður eins og þátttakandi í því sem gerist annarsstaðar. Því nánara sem sambandið verður milli draumgjafa og draumþega, því skýrari verða draumarnir, og minna um rangþýðingar. Er þá eins og við séum komnir á fjarlægum stað, okkur ókunnan. Svo náð verður samband okkar við draumgjafann, að okkur finnst við sjálfir vera þessi maður. Það sem hann sér og reynir og hugsar kemst inn í okkar vitund og við heimfærum þessa reynslu upp á okkur sjálf. Af þessu nána sambandi við draumgjafann stafar það, að við teljum okkur sjálf vera aðalpersónuna eða gerandann í draumnum. En ekki er svo, sem sýnist í fljótu bragði. Við nána athugun á eigin draumum má oftast sjá að annar er sá, sem draumonum veldur. Oftast er ekki hægt að rekja hver hann er, eða hvar hann er staddur. En af mörgu má og ráða, að stundum er hann íbúi annarrar stjörnu, því oft sjáum við í draumi ýmislegt það sem ekki er til hér á jörðu, en gæti vel átt sér stað á einhverri annarri jarðstjörnu.

Til slíkra sýna má telja, er við í draumi horfum á stjörnuhimin, sem að flestu leyti er frábrugðinn þeim stjörnuheimi, sem við blasir héðan af jörðu. Þessa draumreynslu þekkja margir. Önnur stjörnumerki og aðrar stjörnur og oft miklu bjartari, en héðan sjást, birtast okkur þá í draumi. Mjög er eðlilegt að rekja slíkar draumsýnir til sambanda við íbúa annarra stjarna. Einkum er þessi skilningur á draumum eðlilegur nú, eftir að uppgötvað hefur verið sambandseðli lífsins, og þeir möguleikar til fjarhrifa og fjarskynjunar, sem sú uppgötvun hefur leitt í ljós.

*Ingvar Agnarsson.*

## Svifið yfir Sléttumannaland \*

Svif yfir fornlegum sveitabæjum. — Draumur.

### I.

Margt er furðulegt sem gerist er vér njótum svefnis og hvíldar. Þá eru það draumarnir, sem fylla alla vitund vora. Vér greinum þá ekki milli draumsins og vor sjálfra. Vér og draumgjafinn verðum sem eitt. Í vitund vorri er þar enginn munur á. Í fullkomnu draumasambandi verða engar truflanir frá eigin vökuminningum. Ekkert í draumum minnir þá á vökutilveru vora. Hugur draumgjafans er þá allsráðandi, hugsanir hans, minningar, tilfinningar, áhugamál og athafnir. Það sem hann sér og skynjar berst sofandi heila vorum. Vér verðum honum samsála.

Þar sem þessi algjöra samsálun á sér stað, er vel skiljanlegt, hversu mjög er áriðandi að draumasambandið sé upp á við til betri staða, en ekki niður á við, því líf vort og sálarheill getur verið nokkuð undir því komin, að vel takist til með þessi nánú sambönd, sem í draumi eiga sér stað. Til eru jafnvel dæmi þess, að menn hafi sturlast um stundarsakir vegna illra drauma, en þá hefur draumsambandið verið sérstaklega illkynja, samband orðið við einhvern einstakling, sem lent hefur í víti einhverrar framlífsjarðar, þar sem ríkir ógn og skelfing, meiri en hér þekkist, þótt meir en nóg sé um illt ástand víða á jörðu vorri. Og svo er aftur á hinn veginn, að draumsambönd geta verið upp á við í þeim mæli, að dreymandanum veitist lífshamingja meiri en ella mætti búast við. En allir skýrir draumar, sem rekja má til annarra hnatta, eru oss eins og einskonar rannsóknarferðir, því í þeim kynnumst vér staðhátum og jafnvel lifnaðarhátum fólks á byggðum jörðum annarra sólhverfa, sem vér ættum ekki kost á með öðru móti. Eftirfarandi draumur er nokkuð í þá áttina.

\* Sléttumannaland er gamalt, íslenzkt nafn á Póllandi. Það nafn er nú aldrei notað, en mætti vel færa það yfir á þetta draumséða land á öðrum hnetti.

## II.

Mig dreymdi draum sem með vissu hlýtur að stafa af sambandi við einhvern á öðrum hnetti. Og þetta samband mun fremur hafa verið upp á við, að því er draumgjafann varðar.

Mér þótti ég svífa nokkuð lágt yfir jörðu. Þarna var allt flatlent, engar hæðir eða fjöll urðu fyrir sjónum mínum. Bjart var yfir öllu. Lágvaxinn gróður eða gras þakti jörðina. Hér og hvar sáust býli með allöngu millibili. Lágrest voru þau flest, líklega aðeins ein hæð, en sum eitthvað hærri. Öll virtust þau hlaðin úr torfi, líkt og gömlu íslensku sveitabæirnir, en gaflar, eins og úr úr timbri, snéru fram á hlað á milli veggjanna. Sumstaðar voru einnig þyrpingar minni kofa hjá bæjunum og einnig sá ég garða, hlaðna í ferhyrning og öðruvísi litan eða dökkgrænan gróður innan þeirra, eins og þar væri um matjurtarækt að ræða.

Eitthvað sá ég af fólki hjá þessum húsum og var það í einhverjum önnum og virtust allir horfa niður fyrir sig.

Ég sveif nú frá einum bænum til annars, fór yfir fólkinu og stundum yfir húsunum. Ég reyndi að sjá viðbrögð fólksins við þessu svífi mínu og fannst mér undarlegt, að það virtist ekki veita þessu neina athygli.

Allt í einu er maður kominn við hlið mér, þar sem ég er í loftinu og saman svífum við áfram. Ég undrast ekkert, þótt hann sé þarna kominn svona óvænt, en ég gleðst yfir komu hans. Nú er eins og svífið verði öllu auðveldara en áður og einnig er eins og hugur minn og öll athygli skerpist og ég legg mig fram um að athuga alla hluti sem nánast.

Við svífum milli bæjanna og yfir fólki, sem þar er víða úti við, en enginn lítur upp eða verður okkar var, að því er séð verður. Ég segi við sjálfan mig: „Getur það verið að fólkið sjái okkur ekki? Er hugsanlegt, að við séum ósýnilegir?“

Ég hugsa um þetta alvarlega og vil eitthvað gera, til að sannreyna þetta. Nú leggjum við leið okkar að einum bænum. Þar eru háir torfveggir og ég sé að kampurinn á öðrum veggnum, sem snýr fram á hlaðið, er alveg ógróinn. Þarna fengi ég tækifæri til að láta sjást einhver merki eftir mig. Ég fer því alveg að veggnum ofantil og spyrni fast í hann með öðrum fætinum. Ég finn, að moldin í veggnum er mjúk viðkomu og um leið og ég skýst frá, sé ég, að djúpt far hefur markast í vegginn eftir fótinn á mér. Ég verð glaður yfir að sjá þetta og ég segi við félagan minn: „Sjáðu

farið í veggnum eftir fótinn á mér“. Hann lítur þangað, og mér finnst hann sjá, það sem ég var að sýna honum.

Enn svifum við áfram um stund, en nú dofnaði draumsambandið og ég vaknaði.

### III.

Eitt hið athyglisverðasta í þessum draumi eru bæirnir á sléttlendinu. Þeir minna á gömlu, íslensku torfbæina — þótt munur sé nokkur — torfveggir og grasi gróin þök og moldin í veggnum, þar sem ég spyrnti í fæti, mýkri en gerist í íslenskum torfbæjum. Gróður allur virtist vera ljós-grænn, eða grængulur. Maður gæti látið sér detta í hug frumstætt bændasamfélag, líkt og áður hefur verið og er raunar enn sumstaðar á vorri jörð. Gæti ég best trúað, að hér hafi orðið samband við frumlífsjörð, þótt erfitt sé þar um að segja með neinni vissu.

Draumurinn bendir þó a. m. k. til annarrar jarðar, því þarna voru menn á svifi, en slíkt gerist ekki á vorri jörðu, enn sem komið er a. m. k. Furðulegt nokkuð finnst mér, að fólkið hjá bæjunum virtist ekki taka neitt eftir svifi þessara tveggja manna, draumgjafa míns og félaga hans og gæti hugsanleg skýring verið sú, að íbúar þessa lands hafi verið alvanir því, að sjá menn svífa, en einnig, að þeir hafi verið svo önnum kafnir við störf sín, að þeir hafi aðeins litið niður fyrir sig, en alls ekki upp.

Hugsanlegt væri og raunar sennilegast, að draumgjafi minn og félagi hans hafi komið fram þarna um stundarsakir, sem líkamningar frá öðrum hnetti. Það kom samt ekki fram í draumskynjun minni. En annað virtist augljóst: Draumgjafa mínum virtist allt þarna vera sér ókunnugt og hann hafði hug á að taka sem best eftir umhverfi og aðstæðum, þótt vafalaust hafi minnst af athugunum hans náð að festast í mínum sofandi heila, svo að munað yrði.

Draumgjafi minn virtist gleðjast yfir því, að annar maður kom til hans og fór að svífa við hlið hans. Og svo virðist sem koma hans hafi stuðlað að aukinni magnan draumgjafans, því eftir það getur hann beitt athygli sinni og huga betur en áður og það er eins og kraftur hans við að svífa hafi aukist.

Engin sá ég dýr í þessum draumi. E. t. v. lifir fólkið þarna mest á jurtafæðu. En hlaðnir torfveggir, svo sem eins metra háir, voru umhverfis afmörkuð svæði þar sem gera má ráð fyrir matjurtarækt. En eftir venju jarðarbúa eru girðingar um gróðurreiti aðeins hafðar til varnar gegn dýrum.

Draumgjafi minn lét eftir sig djúpt far efst á einum veggnum. Skyldu íbúar þessa bæjar einhverntíma taka eftir þessu fari? Og ef svo verður, skyldi þeim þá ekki þykja nokkuð undarlegt, hvernig það hafi myndast?

Kvöldið áður en mig dreymdi þennan draum, var ég á félagsfundi með Nýalssinum, og ríkti þar góð eining og samstilling allra. Veit ég að stilliáhrif frá góðum félögum stuðla mjög að mótun draumasambanda og mun svo einnig hafa verið í þetta sinn.

*Ingvar Agnarsson*

*(Dreymt 6. febrúar 1980).*

## **Draumur um hross hjá veðurathugunarstöð**

### **I.**

Ég er vanur að athuga veður um kl. 24,00 (til að senda til Veðurstofu) og fer vanalega ekki að sofa fyrr en ég hefi lokið því.

Í gærkvöldi lá ég uppi í rúmi, og las, og hafði sofnað út frá því.

Þá dreymdi mig að ég þóttist heyra símahringingu, og þóttist þá vita að verið væri að hringja eftir veðurskeyti frá mér (sem varla er gert í raun, og þá ekki fyrr en dálítið seinna). Ég þóttist fyrst verða að fara út og athuga veðrið, áður en ég svaraði símanum. Þegar ég kom út að mælabúrinu þótti mér furðulegt, að hjá því voru þrjú hross.

Í þessu vaknaði ég og vantaði klukkuna þá 10 mín. í 24,00. Eða nákvæmlega þörf að fara til að athuga veðrið. Hefur einhver vitað að ég svaf og getað vakið mig í tæka tíð?

*Páll Björnsson, Fagurbólsmýri.*

### **II.**

Augljóst virðist mér að draumgjafi Páls muni sinna einhverju hliðstæðu starfi og Páll hefur á hendi, þ. e. veðurathugun. Og skemmtilegt er að þessi draumgjafi hans sér þrjá hesta hjá mælabúrinu, þar sem hann (draumgjafinn) starfar. Hér er um að ræða draumasamband við starfsbróður, en slíkt ástæði í draumum er oft skemmtilegt og mætti hafa af fróðleik nokkurn, meiri en nú gerist, ef betur hagaði til um sambandsmöguleika.

*I. A.*

## Farartæki frá himni. — Draumur.

### I.

Mér fannst ég vera stödd á Laugarnesveginum. Hitti ég þar tvær gamlar skólasystur og fór með þeim inn í húsablokk, sem þar er. Fannst mér þær eiga heima þarna og var ég eitthvað að tala við þær. Heyrði ég þá gný mikinn úti og sá þá stórt farartæki koma niður af himnum. Fór ég út og fylgdist með því, þegar farartækið lenti. Var það stórt og ferkantað, eins og stór tréprammi. Var það þéttskipað fólki og stóð það allt saman. Mér fannst fólkið vera hávaxið og stórgert, en þó fríðleiksfolk. Fannst mér flestir vera ljóshærðir, en þó voru nokkrir dökkhærðir, en allt var fólkið ljóst yfirlitum. Sá ég, þegar farið hafði lent á jörðinni, að fólkið á prammanum, aðkomumenn, tók þá jarðarbúa, sem þeir náðu í og færu með upp í farið. Var óhugur mikill í fólki út af þessu.

Mér fannst fólkið vera góðlegt og þóttist ég vita, að það ætlaði ekki að gera jarðarbúum mein, annað en það, að það ætlaði að fara með það með sér. Fannst mér að Eggert, elsti sonur minn, væri þarna og var einhver að reyna að ná honum. Ekki vissi ég, hvernig því lyktaði.

Flýtti ég mér nú mikið heim, þar sem ég vissi að 3 yngstu synir mínir væru. Þegar ég kom heim, fann ég þá alla heima. Voru þeir allir orðnir litlir, svona 1—2ja ára gamlir, en þeir eru í rauninni 14 og 15 ára. Voru þeir allir í rúmunum sínum, háttaðir. Byrjaði ég á því að læsa íbúðinni og tók þá alla í fangið og bar þá inn í svefnherbergi og læsti að okkur. Settist ég með þá alla í fanginu á rúmið og beið þess sem verða vildi. Heyrði ég þá, að farið var að eiga við hurðina og sá mér til skelfingar, að lásinn virkaði ekki og hurðin opnaðist. Sá ég að inn kom kona, dökkhærð, en ljós yfirlitum og fríð og góðleg. Sá ég að hún var ein af fólkinu, sem kom á prammanum. Þóttist ég vita, að hún væri komin til að ná í okkur og stóð mér mikill stuggur af henni. Við það vaknaði ég.

*Guðbjörg Eggertsdóttir.*

### II.

Draumur þessi er athyglisverður, og minnir á sumar frásagnir af fljúgandi diskum, þar sem menn hafa verið teknir upp í slík farartæki, og farið með þá í ferðalög. Eitt aðaleinkenni þessa

draums, er ótti sá, sem draumgjafinn líður, þrátt fyrir það, að geimfararnir, sem hann sér, séu ljósir útlits og góðlegir.

Í draumi þessum er mikið um rangþýðingar, en það er algengt í draumum, þar sem sambandið við draumgjafann er ekki nógu fullkomið.

Dreymandinn hér hefur fengið samband við konu, sem á þrjú lítil börn, sem hún reynir að verja og þótt dreymandanum finnst það vera sín börn, sem eru í rauninni 14 og 15 ára, þá er hér um rangþýðingu að ræða, eins og algengt er í draumum.

En draumur þessi virðist benda eindregið til sambands við annan hnött, þar sem atburður er að gerast, sem veldur íbúunum miklum ótta, sem vonandi er þó ástæðulítil.


I. A.

## Þrjár sólar á lofti — Draumur


Mig dreymdi, að ég sá þrjár sólar á lofti. Voru þær í beinni röð skáhallt til hægri hver upp af annarri. Allar voru þær svipaðar útlits, stærðin svipuð, liturinn hvítur eða gulleitur. Ekki voru þær bjartari en svo, að ég gat rétt horft í þær. Ein þeirra, miðsólin, var að því leyti öðruvísi en hinar, að einhverjir dekkri flekkir voru á fleti hennar. Þótti mér fagurt að horfa á sólinnar þrjár. Þær voru það fegursta er ég veitti verulega athygli í draumnum. Síðan fór ég að veita landslaginu athygli, og einnig að hugsa fleira. Í átt til sólanna voru hæðir nokkrar allháar, ekki mjög fjarri. Voru þær algrænar, og skorningar og dældir milli þeirra. Veitti ég því athygli, að þeim megin í hæðunum, sem vissi að sólunum, voru þær bjartar af sólskini, en áberandi skuggar hinum megin, dökkgrænir eða blágrænir. Undraðist ég nokkuð hve skilin eða mismunurinn milli birtu og skugga voru skörp og áberandi. Þótti mér það vera nokkuð á annan hátt, en ég hefði áður átt að venjast. Í hina áttina sem frá sólunum vissi, var landið sléttara, ekki þó alveg flatlent. Þar skiptust á grænar grundir og aðrir blettir dökkir sem mér þótti vera sandar.

Nú fór ég að hugsa um, hvernig ég væri hingað kominn. Mér þótti ég vera kominn frá öðrum hnetti, en ekki hugsaði ég neitt um hann, eða um fyrra líf mitt þar, a. m. k. ekki svo að ég muni. Mér þótti einnig, að ég væri kominn hér í skyndiheimsókn til





Nr. 1. Afstaða sólnanna í byrjun draums.



Nr. 2. Afstaða sólnanna í lok draums.

Þessa hnattar, fremur en til langdvalar. Vildi ég leggja á minnið allt sem fyrir augu bæri í heimsókn minni til þessarar stjörnu. Varð mér nú aftur litið langt út á sléttlendið, og sá hvar maður var þar á ferð. Vildi ég ekki láta hann koma auga á mig, því ég þóttist ekki vita, hversu hann eða aðrir íbúar þessa svæðis væru vinsamlegir. Einnig datt mér í hug, að þeir kynnu með einhverjum hætti að hafa komist á snöðir um komu mína hingað, og væru nú e. t. v. að leita að mér. Ég hljóp nokkurn spöl, og settist bak við hæð eina lága, þar sem maðurinn gæti ekki séð mig. Tók ég nú aftur að virða fyrir mér sólinnar þrjár, og sá, að þær höfðu breytt nokkuð um afstöðu, frá því ég leit þær fyrst. Efsta sólin hafði gengið talsvert til hægri og neðsta sólin einnig nokkuð í sömu átt, en miðsólin virtist vera á svipuðum stað og áður. Ég þóttist taka upp hjá mér einhverskonar blað og blýant eða eitthvert ritfæri, til að geta teiknað sólinnar þar á. En heldur gekk mér það klaufalega. Endaði svo draumurinn.

*Ingvar Agnarsson*  
(Dreymt 6. júní 1967).

Ný bók

Ný bók

## MÁLÞING ÍSLENDINGA

*um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins.*

Yfir 30 íslenzkir höfundar á tímabilinu 1919—1979, gera í kvæðum og rítgerðum grein fyrir afstöðu sinni til heimspeki Nýals og höfundar hennar.

Jarðfræðingar, stjórnámamenn, háskólakennarar, bændur, skáld, húsmæður, guðfræðingar og fleiri eiga efni í þessu safni, sem gefur glögga hugmynd um hve áhuginn á þessum málum hefur víða verið fyrir hendi.

Val efnisins er miðað við höfunda af hinum eldri kynslóðum, með það í huga að gefa út nýtt bindi með greinum yngri höfunda, ef vel tekst til um þetta.

*Málþing Íslendinga* lagar sig að venju safnrita og er tilvalin tækifærisgjöf, jafnframt því að vera góð kynning á málefni Nýals.

208 bls.. — Myndir. — Stutt kynning á höfundum.

Áskriftarverð: Pappírskilja: Kr. 5000

Kápuband : Kr. 6500

LÍFGEISLAÚTGÁFAN, Pósthólf 722, Rvík.

FÉLAG NÝALSSINNA, Pósthólf 1159, Rvík.

## BÆKUR OG TÍMARIT

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum.  
84 síður. Verð kr. 1200.

TIL ÞÍN. Ljóðabók eftir Þorstein Jónsson, 136 s. Verð kr. 3000.

GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI. Vitranasaga eftir K. O. Schmidt.  
Verð kr. 2000.

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson.  
Verð kr. 700.

ASTROBIOLOGY, e. Þorstein Guðjónsson. 208 s. Verð kr. 3000.  
Til sölu er einnig:

LEBENSMEISTERUNG DURCH PSYCHODYNAMIK — bók  
um það að ná tökum á lífsafli sínu, sjálfum sér og öðrum til fram-  
fara. Bókin er á þýzku máli, og er eftir A. R. Walther, arftaka  
K. O. Schmidts, sem heldur áfram verki hans að honum látnum.  
Frá forlagi AT í Sviss. Verð 27.00 svissneskir frankar, sem um-  
reiknast í krónur á söludegi.

NEUES DENKEN, tímarit, sem er tengiliður hreyfingar um málefni  
K. O. Schmidts í Þýzkalandi og víðar. Ársáskrift DM 24.00.  
Ritstjóri A. R. Walther.

Pöntunum um ofanskráð rit veitt viðtaka í s. 41006 eða í *Pósthólf*  
722, *Reykjavík*.

L Í F G E I S L A Ú T G Á F A N

# Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA  
Aithólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

---

## EFNISYFIRLIT:

### ERINDI OG GREINAR:

Rauðir risar (Sjá forsíðumynd) I. A. ....	Bls. 110
Líf og atburðir P. G. ....	— 111
Um hjáfræði og smáfræði Halldór Pjeturss. ....	— 114
Eftirtektarverð samtímun P. J. ....	— 116
Gestur frá öðrum hnetti I. A. ....	— 118
Bókin sem hvarf I. A. ....	— 120
Neues Denken P. G. ....	— 121
Draumar Johns Alexander J. A. og P. G. ....	— 122
Frá jörð til jarðar Jarðarbyggi ....	— 125
Undarlegur draumur og eftirtektarvert málþing P. J. ....	— 127

### LJÓÐ:

Feðgarnir. Svefn og draumur Guðm. Friðj. ....	— 128
---	-------

### DRAUMAR:

Steinasöfnun í draumi Halldór Pjeturss ....	— 129
Draumur um undarlegan skóg I. A. ....	— 131
Svifið yfir Sléttumannaland — Draumur I. A. ....	— 135
Draumur um hross hjá veðurathugunarstöð P. Bj. ...	— 138
Farartæki frá himni — Draumur G. E. ....	— 139
Þrjár sólar á lofti — Draumur I. A. (með mynd) ....	— 140

### MYR:

Kjarnyrði úr Grettissögu ....	— 115
Úr „Spámanninum“, eftir Kahlil Gilran ....	— 124

Málþing Íslendinga (Auglýsing) P. G. ....	— 142
Auglýsing um bækur og tímarit ....	— 143